# Hausthappdrætti Sjálfstæðisflokksins

**HAUSTHAPPDRÆTTI Sjálfstæðisflokksins er nú að hefjast. Miðar hafa verið sendir út til flestra flokksmanna, en enn eiga nokkrir eftir að fá sína miða. Dregið verður í happdrættinu þann 15. nóvember 1980 og er drætti aldrei frestað. Að þessu sinni eru tveir vinningar í happ-**




**drættinu, Toyota-bifreið að verðmæti kr. 7,7 milljónir og myndsegulbandstæki að verðmæti kr. 1,6 milljónir. Heildarverðmæti vinninga er þannig krónur 9.350.000,–.**

Og vinningarnir ganga áreiðanlega út, sagði Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, vegna þess að við drögum aðeins úr seldum miðum. Kjartan sagði, að happdrætti Sjálfstæðisflokksins sem að jafnaði væru haldin tvisvar sinnum á ári, eða vor og haust, væru ein allra helzta tekjuöflunarleið flokksins. Í happdrættunum gæfist hinum almenna flokksmanni og öðrum stuðningsmönnum flokksins gott tækifæri til að sýna stuðning sinn við flokkinn í verki. Upp á síðkastið hefur dálítið verið skrifað um fjármál Sjálfstæðisflokksins, sagði Kjartan. Ég ætla ekki að svara því neinu hér, en það má öllum vera ljóst, að það er dýrt að reka stóran flokk og við þurfum á miklu fé að halda um þessar mundir.

Í bréfi sem undirritað er af formanni flokksins Geir Hallgrímssyni og framkvæmdastjóra hans segir m.a.:

„Öflug starfsemi Sjálfstæðisflokksins krefst stöðugrar fjáröflunar frá stuðningsmönnum flokksins. Happdrætti flokksins eru ein helzta leið flokksins til fjáröflunar vegna flokksstarfsins.

Mikil verkefni eru framundan í íslenzkum stjórnmálum. Treysta þarf frelsi og framtíð landins og bæta hag og afkomu þjóðarinnar. Þessi verkefni verða aðeins leyst af öflugum Sjálfstæðisflokki. Því ríður á, að Sjálfstæðismenn herði baráttuna fyrir góðum málstað og efli samtök sín. Við biðjum alla, sem styðja markmið og stefnu Sjálfstæðisflokksins að sameinast um að happdrættið megi skila sem skjótustum og allra beztum árangri."

Ég vil eindregið taka undir þá greiðsluhvatningu sem fram kemur í þessu bréfi, sagði Kjartan Gunnarsson að lokum. Það er óskaplega mikilvægt að flokksmenn geri sér fulla grein fyrir því að öflugt flokksstarf krefst umtalsverðra fjármuna og þeir fjármunir geta hvergi annars staðar komið frá, heldur en frá flokksmönnum sjálfum.

Skil í happdrætti Sjálfstæðisflokksins má í Reykjavík gera í skrifstofu flokksins í Valhöll við Háaleitisbraut 1, en út um land hjá umboðsmönnum happdrættisins á hverjum stað, en ávinningur að happdrættinu úti á landi rennur til flokksstarfseminnar í viðkomandi kjördæmi.





## Lundúnaferðir Útsýnar vikulega

**Ferðaskrifstofan ÚTSÝN gengst fyrir ódýrum Lundúnaferðum í hverri viku yfir vetrarmánuðina, eins og hún hefur gert mörg undanfarin ár.**

Auk vikuferðanna, sem standa frá laugardegi til laugardags, er einnig boðið upp á helgarferðir frá fimmtudegi til þriðjudags með meira en helmings afslætti á fargjaldi. Gist er á þekktum hótelum í miðborginni, sem liggja vel við viðskiptaerindum og leikhúss- og skemmtanalífi heimsborgarinnar. Á næstunni býður Útsýn 2 ferðir með sérstökum vildarkjörum, sem byggð eru á leiguflugskjörum og stórlækkuðu verði á gistingu. Eru það helgarferðir frá laugardegi til þriðjudags með innifalinni gistingu, með enskum morgunverði, flutningi milli Heathrow-flugvallar og hótels og fararstjórn fyrir aðeins 191 þúsund, en almennt fargjald er nú kr. 353.600. Fyrri ferðin stendur 8.–11. nóvember er hin síðari 29. nóv.–2. des. Fararstjóri Útsýnar í Lundúnaferðum er Kristín Hauksdóttir, sem stundar þar nám í leikhúsfræðum og er þaulkunnug borginni og leikhúsviðburðum.

Útsýn vekur athygli á ranghermi í fréttatilkynningu Samvinnuferða-Landsýnar í Mbl. 26. þ.m., um fyrsta leiguflugið með Boeing 727-200, sem hafi farið á vegum Samvinnuferða. Fyrsta leiguflugið með þessum nýja farkosti Flugleiða hf. var á vegum Útsýnar til Malaga hinn 2. október sl. og með þeirri flugvél fljúga Útsýnarfarþegar í Lundúnaferðum sínum

**(Fréttatilkynning frá Útsýn).**



**Bragi við myndina Stóri hvíti hestur (Blóðbrullaup), sem Listasafn Íslands festi sér á sýningunni.**

# Sýningu Braga lýkur næsta sunnudag

## Aðgangur ókeypis fyrir skólanemendur

**AÐ Kjarvalsstöðum stendur nú yfir umfangsmesta sýning myndlistarverka sem sett hefur verið upp í húsinu til þessa.**

Er um að ræða yfirlitssýningu Braga Ásgeirssonar sem spannar 33 ára feril hans á myndlistarvettvangi, sem mikla athygli hefur vakið. Sýningin stendur of stutt yfir, en henni lýkur á sunnudagskvöld, 2. nóvember. Til þess að gefa sem flestum tækifæri til þess að skoða hana býður Bragi skólanemendum í fylgd með kennurum eða gegn framvísun skólaskírteina ókeypis á sýninguna á fimmtudag og föstudag (í dag og á morgun).

